


# Greinargerð með fjárhagsáætlun 2024 – lögð fram í febrúar 2024

## Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2024 verði 2.031.035.733 kr. samanborið við 1.934.101.357 kr. árið 2023.

Meirihluti tekna KSÍ (75%) er í erlendri mynt og því skiptir gengi sem notað er í fjárhagsáætlun miklu máli.



Að tillögu fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ samþykkti stjórn KSÍ að taka miðgildi af gengisspá viðskiptabanka KSÍ (Landsbankans) og lokagengis Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2023. Þetta er sama aðferðafræði og beitt var við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Gengi sem notað er í áætlun KSÍ fyrir árið 2024 er því EUR 146,25 og USD 132,4.

Yfirlit yfir áætlaðar rekstrartekjur KSÍ árið 2024, samanborið við rauntölur 2023 og áætlun 2023:

Rekstrartekjur	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023
Styrkir og framlög	1.222.911.750	1.068.704.423	1.101.225.100
Tekjur af landsleikjum	120.782.669	159.724.870	156.890.035
TDS vísinda og þróunarsvið	34.391.000	0	0
Sjónvarpsréttur	452.298.951	430.066.285	415.022.000
Aðrar rekstrartekjur	122.191.256	147.690.697	111.817.388
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	78.460.106	127.915.082	71.521.619
	<b>2.031.035.732</b>	<b>1.934.101.357</b>	<b>1.856.476.142</b>

## Styrkir og framlög

Styrkir og framlög koma m.a. frá UEFA, FIFA, Íslenskum getraunum og ÍSí.

Árið 2024 er gert ráð fyrir eftirtöldum framlögum frá UEFA:

- 528 m.kr. vegna HatTrick (árleg framlög ásamt verkefnatengdum greiðslum)
- 219 m.kr. framlag vegna kostnaðar við leiki Íslands í Þjóðardeild A landsliðs karla
- 8,7 m.kr. vegna kostnaðar við upphald erlendra dómara hér á landi

Framlag UEFA sveiflast milli ára, þar sem greiðslur vegna Þjóðadeildar karla eru annað hvert ár. Einnig er misjafnt hversu mikið kemur úr HatTrick styrkjakerfi UEFA á ári hverju. Nýtt styrkjatímabil UEFA, HatTrick VI, hefst á þessu ári (1. júlí 2024 - 30. júní 2028).

Árleg framlög UEFA til rekstrar eru:

- 1 milljón evra til reksturs sambandsins
- Allt að 2 milljónir evra, m.a. til að uppfylla gæðastaðla og vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum. Þessi framlög eru háð ströngum skilyrðum og hefur KSÍ ekki fullnægt öllum skilyrðum UEFA á síðustu misserum, til dæmis varðandi keppni í Futsal.

Á komandi fjögurra ára styrkjatímabili fjármagnar UEFA knattspyrnutengd verkefni fyrir 5 milljónir evra.

Árið 2023 hófst nýr fjögurra ára styrkjahringur FIFA (*FIFA Forward 3.0, 2023-2026*). Á tímabilinu er framlag FIFA til rekstrar 5 milljónir USD og þá fjármagnar FIFA fjárfestingarverkefni fyrir 3 milljónir USD. Á sama hátt og hjá UEFA er framlag FIFA bundið ströngum skilyrðum og hefur FIFA eftirlit með hvernig fjármunum er varið. Þetta eftirlit er á hendi alþjóðlegra endurskoðendafyrirtækja. Gert er ráð fyrir framlagi frá FIFA að upphæð 227 m.kr. árið 2024. Að auki kemur nýtt framlag frá FIFA til sögunnar árið 2024, FIFA TDS (Talent Development Scheme) að upphæð kr. 250.000 USD en það er framlag hefur verið kynnt áður.

Gert er ráð fyrir að ríkisstyrkur, útbreiðslustyrkur og Lottó verði svipaðar á milli ára, eða um 49 m.kr. og að greiðsla frá Íslenskum getraunum verði 19,6 m.kr.

Í fjárhagsáætlun 2024 er ekki gert ráð fyrir framlagi úr Afrekssjóði ÍSí, en KSÍ hefur þegar fengið neitun á úthlutun fyrir þetta starfsár. KSÍ fékk síðast úthlutun úr Afrekssjóði ÍSí árið 2017 (8,4 m.kr.). KSÍ hefur skoðað vel þær forsendur sem eru í reglugerð sjóðsins um skilgreiningu afreka og það er ljóst að KSÍ uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru til að flokkast sem A sérsamband og fá úthlutun. Forsendur höfnunar á úthlutun til KSÍ byggja á heimildarákvæðum í reglugerð afrekssjóðs ÍSí og því er það sjálfstæð ákvörðun stjórnar afrekssjóðs og framkvæmdastjórnar ÍSí hverju sinni að neita KSÍ um úthlutun. KSÍ hefur ítrekað gert athugasemdir og tillögur til úrbóta á reglugerð um afrekssjóð ÍSí, en þrátt fyrir endurskoðun ÍSí á reglugerð um afrekssjóð ÍSí árið 2023, er staða KSÍ gagnvart sjóðnum óbreytt. Í febrúar 2024 réði KSÍ lögmann til að gæta hagsmuna sambandsins í þessu máli.

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir verði tæpar 170 m.kr. árið 2024 og er það nokkur hækkun frá fyrra ári. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við bakhjarla KSÍ, búningasamningi og vörumerkjasmningum.

Þess ber að geta að samningaviðræður við nýjan bakhjarl standa yfir og því er ekki útilokað að hækkun verði á þessum lið á árinu.

### Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af landsleikjum verði um 120 m.kr. árið 2024 sem er lækkun frá 2023. Svo til allar miðasölutekjur á heimaleikjum koma í gegnum miðasölu á leiki A landsliðs karla og fækkun leikja milli ára hefur þannig augljóslega áhrif á heildartekjur sambandsins. Einnig eru þeir mótherjar sem mæta A landsliði karla á Laugardalsvelli á árinu í flokki 2 og 3 skv. nýju miðasölumódeli og því verður miðaverðið lægra, og gert er ráð fyrir 60% sætanýtingu á leikina.

Það er mikill vilji hjá KSÍ, í samráði við samstarfsfyrirtæki sambandsins, að snúa vörn í sókn og fjölga áhorfendum á heimaleiki A landsliðs kvenna. Þar er verk að vinna.

Árið 2024 verður haldið áfram vinnu við innleiðingu á nýju miðasölumódeli og er markmiðið með því að fjölga áhorfendum á leiki og að auka tekjur til lengri tíma, svo og haldið áfram að vinna að bættri upplifun áhorfenda á Laugardalsvelli. Það eru sóknarfæri í tekjuöflun af heimaleikjum landsliðanna okkar, sem og að tryggja góðan stuðning við liðin okkar.

### Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir heimaleiki A landsliðs karla til UEFA frá júlí 2022 til júní 2028. UEFA greiðir KSÍ 17 milljónir evra fyrir tímabilið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.á.m. er KSÍ skuldbundið til að leika 40 A landsleiki karla (10 leiki á ári) á því tímabili. Þegar um landsleiki erlendis (vináttuleiki) er að ræða ber KSÍ enn fremur ábyrgð á að viðkomandi leikur sé framleiddur fyrir sjónvarp með þeim kostnaði sem því fylgir.

### Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 122 m.kr. árið 2024 samanborið við 147 m.kr. árið 2023. Þetta eru t.d. tekjur af mótum, fræðslunámskeiðum og húsaleigu. Þessi samanburður er þó varhugaverður þar sem árið 2023 komu inn einkisgreiðslur.

### Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2024 rúmar 78 m.kr. Þar veга þyngst greiðslur skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þar fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar var gerður árið 2014 og gildir út árið 2025. Sú staða, að rekstrarsamningurinn við Reykjavíkurborg rennur senn út, ýtir enn fremur undir þá bráðapörf að teknar sé ákvarðanir tafarlaust um framtíð Laugardalsvallar.

## Rekstrargjöld

Gert er ráð fyrir að heildargjöld ársins 2024 verði 1.937.818.620 kr., samanborið við 1.991.838.507 kr. árið 2023.

Gjöld	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023
Kostnaður við landslið	910.218.994	981.115.739	844.445.559
TDS vísinda og þróunarsvið	34.391.000	0	0
Mótakostnaður	287.764.269	270.071.578	250.122.628
Fræðslukostnaður	71.202.936	68.067.365	70.207.804
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	434.973.158	405.884.253	397.802.109
Húsnæðiskostnaður	27.400.000	29.310.263	22.885.092
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	124.868.263	190.402.232	105.648.080
Afskriftir	47.000.000	46.987.077	45.000.000
	<b>1.937.818.620</b>	<b>1.991.838.507</b>	<b>1.736.111.272</b>

### Kostnaður við landslið

Í fjárhagsáætlun 2024 er ekki gert ráð fyrir þátttöku Íslands í úrslitakeppni en ef íslensk landslið vinna sér sæti í úrslitakeppni á árinu verður lögð fram sérstök áætlun fyrir þau verkefni. Þetta á jafnt við um yngstu landsliðin okkar sem og A landslið karla sem hefur ennþá möguleika á að tryggja sér sæti í úrslitakeppni EM í Þýskalandi 2024.

Hér að neðan má sjá sundurliðun á áætluðum kostnaði landsliða árið 2024, borið saman við raunkostnað 2023 og áætlun 2023.

	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023
A-landslið karla	334.384.840	377.512.423	311.911.408
U-21 landslið karla	81.670.483	72.801.979	76.818.899
U-19 landslið karla	46.499.099	54.604.709	42.583.511
U-17 landslið karla	39.198.499	39.199.858	32.045.911
A-landslið kvenna	230.977.195	239.824.738	212.310.347
U-23 landslið kvenna	22.620.000	14.868.356	9.417.860
U-19 landslið kvenna	39.657.670	59.057.584	41.202.861
U-17 landslið kvenna	41.937.670	41.351.141	43.717.381
Hæfileikamótun	33.780.058	37.516.702	36.199.882
Sameiginlegur landsliðskostnaður	39.493.480	44.378.249	38.237.500
	<b>910.218.994</b>	<b>981.115.739</b>	<b>844.445.559</b>

Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir 92 landsleikjum sem er 10 leikjum færri en á fyrra ári. Rétt er að nefna að landslið Íslands leika a.m.k. 40% færri yngri landsleiki en samanburðarlönd okkar. Bæði UEFA og FIFA hafa ítrekað bent KSÍ á að fjölgun yngri landsleikja sé forsenda þess að Ísland nái að halda í þá framþróun sem á sér stað í flestum samanburðarlöndum okkar. Þess má einnig geta að samkvæmt framlagðri áætlun er gert ráð fyrir 50% skerðingu afreksgreiðslna til leikmanna A landsliðs karla og kvenna.

Í sameiginlegum landsliðskostnaði, sem er áætlaður 39 m.kr. eru m.a. liðir eins og eFótbolti, keppnis- og æfingabúnaður, þvottur, markaðskostnaður, tækniúnaður og kostnaður við heilbrigðismál landsliða.

### Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir að mótakostnaður hækki á milli ára og verði 287 m.kr. árið 2024. Kostnaður við dómara vegur þungst í mótakostnaði, eða 83%, en áætlaður kostnaður við dómaramál er 238 m.kr. árið 2024. Gert er ráð fyrir því að aðildarfélag KSÍ greiði 11,1 m.kr. í ferða- og uppihaldskostnað dómara árið 2024.

### Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður ársins verði 71 m.kr. sem er sambærilegur kostnaður og á síðustu árum. Helstu kostnaðarliðir eru laun, verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið, kennslugögn og ferðakostnaður. Einnig hefur kostnaður við samfélagsleg verkefni verið færður í bókhaldi undir fræðslumál en var áður fært sem mótakostnaður. Rétt er í þessu samhengi að minna á að þátttaka í samfélagslegum verkefnum er ein af þeim forsendum sem eru til staðar í HatTrick styrkjakerfi UEFA.

### Skrifstofu- og rekstrarkostnaður

Í skrifstofu- og rekstrarkostnaði í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 21 fastráðnum starfsmönnum á skrifstofu. Í upphafi ársins 2023 var ráðið í starf leyfisstjóra og bætt var við nýju starfsgildi í dómaramálum. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjölgun starfsmanna í fjárhagsáætlun 2024, þrátt fyrir að skv. gögnum frá UEFA (UEFA Grow HR & Organizational Structure, Benchmarking Report 2022) er starfsmannafjöldi KSÍ fyrir neðan allar samanburðarþjóðir, hvort sem litið er til stöðu á heimslista, veltu sambandsins, íbúafjölda, heimssvæðis eða fjölda skráðra leikmanna. Þó ber þess að geta að gert er ráð fyrir því að með innleiðingu nýs mótakerfis fyrir KSÍ (Comet Football Management System) á yfirstandandi starfsári er gert ráð fyrir ráðningu tímabundins verkefnastjóra til að sinna því verkefni. Vinna við að skoða innleiðingu á nýju mótakerfi hófst á árinu 2021. Gert er ráð fyrir því að innleiðingarferli Comet hefjist vorið 2024 og að því ljúki á árinu 2025.

Gert er ráð fyrir því að laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður verði á árinu 2024 rúmar 339 m.kr.

Gert er ráð fyrir því að annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður verði 95 m.kr. árið 2024. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar eru tölvukostnaður 25 m.kr, aðkeypt sérfræðiaðstoð 8,6 m.kr., og fundakostnaður 20 m.kr.

## Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður verði 27.4 m.kr. árið 2024. Helstu kostnaðarliðir eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

## Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar verði á árinu 124 m.kr. Rekstrargjöld vallarins sveiflast á milli ára í samræmi við fjölda leikja á vellinum. Gert er ráð fyrir 11 leikjum árið 2024, en árið 2023 voru 16 leikir á vellinum. Helstu kostnaðarliðir við rekstur vallarins eru launakostnaður, öryggisgæsla, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.).

## Framlög til aðildarfélaga

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarfélaga verði 96 m.kr. Gert er ráð fyrir að þróunarstyrkur til barna og unglingastarfs verði 35 m.kr., leyfisgreiðslur til félaga verði 20,5 m.kr, sjónvarpsgreiðslur og verðlaunafé verði 18,9 m.kr. og ferðapátttökugjald verði 22 m.kr.

## Samantekt

Lögð er fram rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir rúmlega 21 m.kr. hagnaði árið 2024. Til þess að ná þessari niðurstöðu var m.a. landsleikjum fækkað um 10 milli áranna 2023 og 2024 og horft í alla rekstrarliði með markmið aðhalds og sparnaðar að leiðarljósi. Litið var til rekstrar sambandsins til loka ársins 2027 og horft til þeirra sveiflna sem einkenna rekstrarumhverfið, einkum greiðslna frá UEFA vegna Þjóðadeildar karla svo og styrkjahringja UEFA HatTrick og FIFA Forward.

Framundan eru a.m.k. tvö verkefni sem geta gjörbreytt starfsumhverfi Knattspyrnusambands Íslands, annars vegar ef A landslið karla kemst í úrslitakeppni EM 2024 í Þýskalandi, þá breytist rekstrarumhverfið mikið, og hins vegar bágborin aðstaða þjóðarleikvangsins og , þar er komið að ögurstundu. Ef ekkert verður að gert og KSÍ stendur ítrekað frammi fyrir því að bera sjálft háan kostnað við að gera leikvanginn og völlinn hæfan fyrir leiki landsliða og Evrópuleiki félagsliða þá er ljóst að það mun hafa mikil áhrif á rekstrarumhverfi og getu KSÍ til að halda úti landsliðum og styðja við starf félaganna og þróun íslenskrar knattspyrnu.